

Sp. 312. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um undirbúning og skipulag fíkniefnafræðslu.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Salome Þorkelsdóttir, Árni Gunnarsson,
Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að nú þegar verði hafinn á vegum menntamálaráðuneytisins skipulegur undirbúningur að fræðslu í grunnskólum landsins um áfengi, ávana- og fíkniefni.

Í upphafi verði sérstök áhersla lögð á:

- a) Átak í grunnmenntun og endurmenntun kennara varðandi þessa fræðslu.
- b) Útgáfu námsgagna á þessu sviði.

Jafnframt verði tryggt við afgreiðslu næstu fjárlaga nægilegt fjármagn til þessara verkefna.

Greinargerð.

Þessi tillaga til þingsályktunar er borin fram í tengslum við annað mál, sem nú liggur fyrir Alþingi, þ. e. lagafrumvarp sem felur í sér ákvæði er felld skuli inn í 42. gr. grunnskólalaga um áfengis- og fíkniefnafræðslu. Frumvarpið hefur verið afgreitt ágreiningslaust frá menntamálanefnd neðri deildar og má vænta þess, að efri deild afgreiði málið jákvætt innan skamms.

Fram að þessu hefur sú litla fræðsla, sem farið hefur fram innan skólanna á sviði áfengis- og fíkniefna, verið framkvæmd samkvæmt reglugerð með áfengislögum frá árinu 1954. Reglugerðin tekur einungis til bindindisfræðslu að því er varðar áfengi, en ekki tóbak eða önnur fíkniefni, sem komið hafa hér til sögunnar á síðari árum. Framkvæmd reglugerðarinnar innan skólanna hefur þar að auki verið ærið brotkennd, að mestu komin undir áhuga einstakra kennara og skólastjóra. Það er mjög svo óeðlilegt, að lagaákvæði um skólastarf séu aðeins í áfengislöggjöf, en ekki jafnframt í fræðslulöggjöf, og athyglisvert er, að í viðamikilli skýrslu, sem fyrir nokkru er komin fram frá sérstakri nefnd, sem falið var að endurskoða grunnskólalögin, er hvergi að finna tillögu um að ákvæði um áfengis- og fíkniefnafræðslu verði felld inn í lög. Áðurnefnt lagafrumvarp, ef að lögum verður, er því í sjálfu sér nokkur áfangi og er þessari þingsályktunartillögu ætlað að fylgja nú málinu frekar eftir.

Svo margþætt og vandasamt verkefni sem hér er annars vegar þarf vandlegan undirbúning. Beinist þessi tillaga fyrst og fremst að þeim þætti. Ýmsir aðilar, einstaklingar og starfshópar á vegum menntamálaráðuneytisins hafa að undanfögnu unnið að því að móta hugmyndir og stefnu í þessum málum og hafa verið flutningsmönnum þessarar tillögu hjálplegir um ýmis gögn og upplýsingar. Sitthvað hefur þannig verið gert nú þegar til athugunar og undirbúnings, en heildstæða stefnumörkun varðandi þessa fræðslu, innan skóla sem utan, vantar. Hún þyrfti m. a. að fela í sér aukið samstarf allra þeirra aðila, sem að þessum málum vinna, og jafnframt gleggri verkaskiptingu. Niðurstöður viðamikilla erlendra rannsóknna, m. a. á vegum UNESCO, eru tiltækar og koma okkur að sjálfsgöðu að miklu gagni.

Þeir aðilar, sem að þessum málum vinna hér heima, leggja megináherslu á að við verðum að byrja á að gera stóráttak í grunnmenntun og endurmenntun kennara, sbr. a-lið þessarar tillögu, í samráði og samvinnu við Kennaraháskóla Íslands. Það er talið í alla staði eðlilegra og æskilegra, að hinn almenni kennari fái menntun og starfsþjálfun til að innna þessa fræðslu af hendi innán skólans, fremur en að fá til þess utanaðkomandi sérfróða aðila. Fræðslan á að falla sem eðlilegast inn í daglegt skólastarf og beinast að einstaklingnum sjálfum og umhverfi hans, fremur en að fíkniefnin sjálf verði miðpunktur fræðslunnar. Að byggja upp ábyrgðartilfinningu nemandans, dómgreind og sjálfstæði gagnvart áhrifum ríkjandi tiskuviðhorfa er talið mikilvægt markmið.

Útgáfa námsgagna á sviði fíkniefnafræðslu, sbr. b-lið tillögunnar, er annað meginatriði hennar. Gert er ráð fyrir að fræðslan verði felld inn í ýmsar almennar námsgreinar, fyrst og fremst **samfélagsfræði og líffræði**. Engu að síður er nauðsynlegt að til sé sérstakt námsefni og námsgögn um einstaka þætti. Vandað erlent námsefni, þýtt á íslensku og staðfært, kemur þar vissulega til greina.

Hér þarf að ganga beint til verks, svo að unnt sé að taka myndarlega á þessari fræðslu og skipulagi hennar í framtíðinni. Til hennar þarf að vanda í hvívetna svo sem framast er kostur, ella kynni að vera verr af stað farið en heima setið. Ljóst er að til þess þarf bæði mannafla og fjármagn. Því er í niðurlagi tillögunnar farið fram á að tryggt verði við afgreiðslu næstu fjárlaga nægilegt fjármagn til þeirra verkefna, sem í tillögunni felast. Engum blandast hugur um hve mikilvægt það er og viðurhlutamikið, að okkur takist að bægja frá íslenskum ungmönnum því mikla böli sem áfengis- og fíkniefnaneysla er orðin meðal ýmissa grannþjóða okkar. Í þeim efnum má einskis láta ófrestað, og óhæfa er að íslenskir skólar fyrir sitt leyti leiði lengur hjá sér að takast á við þennan mikla vanda. Það væri hins vegar óraunhæft að ætla að skólarnir einir geti valdið þeim vanda. Skal í því sambandi vitnað í sjónvarpsviðtal fyrr í vetur við Sigurð Pálsson, sem starfar í skóla-rannsóknadeild menntamálaráðuneytisins að fíkniefnamálum:

„Mér finnst rétt að leggja áherslu á að ég tel óvarlegt að binda of miklar og þá óraunhæfar vonir við skólann í þessum efnum. Hér er við flókinn vanda að etja og allir þeir, sem hafa með börn og ungmenni að gera, verða að leggjast á eitt: heimilin, æskulýðsleiðtogar, fjölmiðlar o. s. frv. Skólinn er aðeins einn hlekkur í þessari keðju.“